

eigi verið að ræða. Það er því engum efa bundið, að framfærslusveit hennar hefði borið að endurgjalda hinn veitta styrk, en að eins að  $\frac{2}{3}$  hlutum, ef hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefði veitt hann eftir löglegan undirbúning, en svo var eigi, þar sem engin skýrsla var tekin af barnsmóðurinni samkvæmt 64. gr. oftnefndra laga. Með því nú slík skýrsla, samkvæmt 65. gr. sömu laga, er beint skilyrði fyrir endurgjaldsskyldu framfærslusveitar, verður Eskifjarðarhreppi af þessari ástæðu eigi úrskurðað endurgjald á umræðum styrk. 3  
11. jan.

Því úrskurðast:

Hreppsnefnd Geithellnahrepps ber eigi að endurgjalda hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps neinn hluta hinna umþrættu 60 kr.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndum Geithellna- og Eskifjarðarhreppa.

Jafnframt skal það tekið fram, að það sést eigi af skjölum málsins, að nægileg gangskör hafi verið gerð að því að finna heimili hins tilnefnda föður, og ber yður því, ef móðirin eða önnurhvor téðra hreppsnefnda óskar, að halda réttarpróf yfir barnsmóðurinni og senda þau síðan hingað með beiðni um, að heimili téðs Tengs verði fundið og hann skyldaður til að greiða meðgjöf með barninu, ef hann gengst við faðerninu. Verði þetta gert, mun stjórnarráðið sjá um, að heimili hans verði fundið, ef það er audið.

#### **Bréf stjórnarráðsins til landssímastjórans um símskeytagjöld innanlands.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra landssímastjóri, í bréfi, dags. 29. sept. f. á., hefir stjórnarráðið ákveðið, samkvæmt 8. gr. laga nr. 12, 20. okt. 1905, að gjöld fyrir símskeyti innanlands skuli færð niður frá 1. febrúar næstkomandi og vera svo sem hér segir: 4  
21. jan.

Venjuleg skeyti 5 aur. fyrir orðið þó minst 1 kr. fyrir hvert skeyti.

Blaðaskeyti 2  $\frac{1}{2}$  eyr. fyrir orðið, þó minst 1 kr. fyrir hvert skeyti.

Innanbæjarskeyti 2  $\frac{1}{2}$  eyr. fyrir orðið, þó minst 50 aur. fyrir hvert skeyti.

Símapóstávisanir 1 kr. fyrir hvert skeyti.

Fjárhæðina fyrir hvert skeyti skal, er svo stendur á, færa upp á við, upp í næstu tölu, sem deilanleg er með 5.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.